

Ég undirritaður, fyrir hönd náttúruverndarsinna í nútímanum og fjölmargra Íslendinga í framtíð og fortíð, geri alvarlegar athugasemdir við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða og mótmæli hér með öllum virkjunum í Reykjanesfólkvangi og tel að fólkvangurinn sé betur settur í verndarflokki. Þetta svæði er einstakt þótt víða væri leitað út frá menningarsögu og jarðmyndunum. Við Íslendingar eigum að sýna þessum fólkvangi þá virðingu sem honum ber en það hefur ekki verið gert fram að þessu, sbr. náttúrunið vegna námugraftrar og umgangs orkufyrirtækja, og utanvegaakstur á svæðinu. Í raun ætti að gera þetta núverandi útivistarsvæði allra á suðvesturhorninu að þjóðgarði sem yrði á margan hátt einstakur og á heimsmælikvarða. Við lifum á breyttum tímum eftir 2007. Umræða um umhverfis- og náttúruvernd er hvarvetna í fjölmiðlum og í nútímaumræðu og að mínu mati er það nokkuð 2007 að ætla með frekju gagnvart þúsundum útivistarfólks og annarra hagsmunaaðila að eyðileggja þetta mjög svo fallega svæði. Ef við virkjum þarna þá mun loftmengun vegna brennisteinsvetnis liggja yfir svæðinu með takmörkuðum útivistarmöguleikum. Þá mun mosi á nærliggjandi svæðum eyðileggjast. Við vitum lítið um áhrif jarðvarmavirkjana til framtíðar, t.d. með tilliti til jarðskjálfta. Hefur til að mynda verið leitað álits hjá Grindvíkingum vegna hugsanlegra jarðskjálfta á svæðinu? Við þekkjum afleiðingar jarðhræringa vegna niðurdælingar vatns á Hellisheiði á byggðina og íbúa í Hveragerði og þær afleiðingar sem sú virkjun hefur haft á það blómlega útivistarsvæði sem áður var á Hellisheiði en er nú ekki svipur hjá sjón. Við eigum nóg af annars konar orku en jarðvarma sem við ættum að virkja, t.d. metan í fjóshaugum sveitabýla hringinn í kringum landið og í ruslahaugum, nóg af vindi sem gæti knúið áfram vindmyllur og síðast en ekki síst er hægt að virkja brimið og sjávarföllin. Ef við notum þessa orkugjafa sem ég mæli hér með, yrði það vonandi í sátt við Guð og menn. Reykjanesfólkvangur er útivistarsvæði til margra áratuga og náttúruperla — sem ég ber miklar taugar til — en ekki iðnaðarsvæði.

Með virðingu,

Bjarni Valur Guðmundsson